

Fimmtudaginn 3. október 1996.

Nr. 58/1995.

Hallveig Thordarson

(Ragnar H. Hall hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Opinberir starfsmenn. Ráðningarsamningur. Trúnaðarmenn. Biðlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1995. Hún krefst þess aðallega, að stefndi greiði sér 1.533.157 krónur með dráttarvöxtum, eins og greinir í héraðsdómi, en til vara, að stefndi greiði sér 547.467 krónur með dráttarvöxtum frá 1. febrúar 1994 til greiðsludags. Hún krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar krafna og niðurfellingar málskostnaðar.

Með skírskotun til röksemda héraðsdóms er staðfest sú niðurstaða hans, að vísun til 4. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eigi ekki við og að áfrýjandi eigi ekki bótakröfu á hendur stefnda samkvæmt 4. mgr. 30. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Fallist er á það með héraðsdómara, að stöðugildi við hvern skóla miðist við kennslupörf, sbr. 2. gr. laga nr. 97/1974 um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana. Áfrýjandi var í fyrstu ráðin til þess að leysa af kennara, sem voru í leyfi frá störfum við Menntaskólann í Kópavogi. Á þeim tíma og þegar gerður var vinnusamningurinn, sem áfrýjandi undirritaði 31. maí 1991, var ekki um að ræða varanlegt stöðugildi fyrir áfrýjanda í skólanum. Engin staða var því lögð niður, þegar samningnum var sagt upp, en samkvæmt ákvæðum hans var gagnkvæmur uppsagnarfrestur þrír mánuðir. Áfrýjandi á því ekki kröfu á stefnda á grundvelli 14. gr. laga nr. 38/1954.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur.
 Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hallveig Thordarson, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. desember 1995.

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 12. þ. m., var höfðað með birtingu stefnu 28. apríl sl.

Stefnandi er Hallveig Thordarson, kt. 110452-2179, nú til heimilis að Brekkutúni 11, Kópavogi.

Stefndi er íslenska ríkið.

Dómkröfur stefnanda:

1. Aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.533.157 kr. með dráttarvöxtum [...].

2. Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 547.467 kr. með dráttarvöxtum [...].

3. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati réttarins.

Til vara, að kröfur málsins verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

II.

Stefnandi, sem er jarðfræðingur að mennt, var ráðin að Menntaskólanum í Kópavogi haustið 1988 samkvæmt auglýsingu eftir kennara til afleysingakennslu fyrir Jóhann Ísak Pétursson, jarðfræðikennara skólans, sem var í orlofi. Kenndi hún skólaárið 1988–1989 28 stundir í jarðfræði, en kennsluskylda framhaldsskólakennara er 26 stundir á viku. Haustið 1989 kom Jóhann Ísak til starfa aftur og sinnti hluta jarðfræðikennslunnar, en þar sem hörgull var á stærðfræðikennurum, tók hann einnig að sér kennslu í stærðfræði. Stefnandi tók að sér 12 tíma kennslu í jarðfræði. Haustið 1990 tók Jóhann Ísak að sér enn meiri stærðfræðikennslu og stefnandi þá 24 stundir í

jarðfræði. Haustið 1991 fór Ásgeir Torfason stærðfræðikennari í launalaust leyfi. Stefnandi var þá beðin að taka að sér stærðfræðikennslu. Þann vetur kenndi hún 28 stundir; 14 í jarðfræði og 14 í stærðfræði. Haustið 1992 fékk Ásgeir aftur launalaust leyfi. Leysti stefnandi hann af og kenndi 20 stundir í stærðfræði, en Jóhann Ísak tók við allri kennslu í jarðfræði. Haustið 1993 kom Ásgeir Torfason úr leyfi og tók við kennslu sinni úr höndum stefnanda.

Í málinu liggja frammi tveir vinnusamningar stefnanda sem framhaldsskólakennara við Menntaskólann í Kópavogi, annar með gildistímann frá 1. 8. 1990 til 31. 7. 1991, hinn síðari, dags. (staðfestur af fjármálaráðuneyti) 4. júlí 1991, með gildistíma frá 1. 8. 1991, ótímabundinn, en með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti. Jafnhliða kennslu stundaði stefnandi nám í uppeldis- og kennslufræði við Háskóla Íslands frá hausti 1989 og lauk þaðan prófi vorið 1990. Á aðalfundi kennarafélags Menntaskólans í Kópavogi í október 1992 var stefnandi kosin trúnaðarmaður Hins íslenska kennarafélags.

Fyrri hluta aprílmánaðar 1993 tilkynnti starfandi skólameistari stefnanda það munnlega, að ekki liti vel út með kennslu fyrir hana á komandi vetri. Vinnusamningi stefnanda var síðan sagt upp með svohljóðandi bréfi skólameistara, dags. 21. apríl 1993: „Í framhaldi af samtali við þig fyrr í þessum mánuði og í ljósi þess, að skólinn getur ekki tryggt þér það starfshlutfall, sem um getur í vinnusamningi við þig frá 4. júlí 1991, segi ég upp öllum ákvæðum samningsins samkvæmt þeim reglum, sem gilda um gagnkvæman uppsagnarfrest.“

Stefnandi og stéttarfélag hennar mótmæltu uppsögninni á þeim grundvelli, að hún væri trúnaðarmaður og ætti þess vegna að öðru jöfnu að sitja fyrir um að halda vinnunni. Segir þannig í bréfi HÍK, dags. 17. maí 1993: „... vandséð, hvernig trúnaðarmenn eiga að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögnum af fullri einurð, t. d. að gæta réttar starfsmanna, telji þeir, að vinnuveitandi hafi brotið gegn þeim, ef þeir þurfa að eiga yfir höfði sér uppsögn“. Þegar að loknum uppsagnarfresti, 1. ágúst 1993, tók gildi ráðningarsamningur stefnanda um kennslustörf við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, og mun hún í því efni hafa notið góðra meðmæla skólameistara Menntaskólans í Kópavogi. Ráðning hennar var tímabundin í eitt ár, en hefur tvívegis verið framlengd, til misseris í senn. Í stefnu segir, að laun séu ekki lakari en í fyrra starfi.

Með bréfi lögmanns stefnanda til fjármálaráðuneytisins, dags. 20. janúar 1994, var gerð krafa um bætur vegna starfsloka hennar sem framhaldsskólakennara við Menntaskólann í Kópavogi. Hljóðaði aðalkrafa um 7.083.223

kr., þ. e. jafngildi launa frá 1. 9. 1993 til 31. 8. 2003, en varakrafa um 608.681 kr., þ. e. vegna aksturskostnaðar, 98 km á dag, ferðatíma, 2 klst. á dag, og vistunar barna, 2 klst. á dag.

Fram hafa verið lagðar upplýsingar um skiptingu kennslu í raungreina-deild Menntaskólans í Kópavogi skólaárin 1991–1992, 1992–1993 og 1993–1994. Enginn teljandi munur er á kennsluskiptingu á milli ára að teknu til-liti til aukavinnu.

III.

1.

Aðalkrafa stefnanda er á því reist, að hún hafi sætt ólögmætri uppsögn sem trúnaðarmaður, en til þess hafi hún verið kosin til tveggja ára, þ. e. til október 1994. Er því haldið fram, að af hálfu skólameistara Menntaskólans í Kópavogi eða stefnda hafi ekki verið færðar fram neinar röksemdir, sem gætu réttlætt uppsögn stefnanda frekar en annarra kennara. Verði einkum að líta til þess, að menntun hennar geri henni kleift að sinna kennslu í fleiri en einni grein, og ætti því að hafa verið auðvelt að sjá henni fyrir kennslu, sem næmi fullu starfi. Er byggt á þeirri málsástæðu, að stefndi hafi fyrst haft frjálsar hendur um að segja stefnanda upp starfi frá og með 1. nóvember 1994, og lyki því uppsagnarfresti 31. janúar 1995. Er útreikningur samkvæmt því miðaður við föst laun og starfshlutfall 87,18%, þ. e. mánaðarlaun 87.645 kr. nema í desembermánuðum 109.244 kr., fyrir tímabilið 1. 9. 1993 – 31. 1. 1995.

Varakrafa stefnanda er á því reist, að telja verði, að þegar uppsögn á ótímabundnum ráðningarsamningi ríkisstarfsmanns eigi rætur að rekja til samdráttar í verkefnum, sem feli í sér niðurlagningu á stöðu, þ. e., að ekki er ráðið í stöðu þess, sem sagt er upp, öðlist starfsmaður rétt til biðlauna. Stefndandi eigi því rétt til biðlauna í sex mánuði frá 1. ágúst 1993. Er krafan án frádráttar með vísun til verulegs kostnaðar við að sækja vinnu til Kefla-víkur og að greiða fyrir barnagæslu a. m. k. tveimur tímum lengur vegna ferðatíma. Í fram lögðum skýringum á kostnaði stefnanda við að afla tekna með starfi í Fjölbrautaskóla Suðurnesja getur einnig tímavinnugjalds hennar á ferðatíma.

Aðalkrafa stefnanda styðst við 4. mgr. 30. gr. laga nr. 94/1986, sbr. 1. mgr. 28. gr. sömu laga, sbr. og 4. gr. laga nr. 38/1954. Varakrafan er miðuð við 14. gr. laga nr. 38/1954.

2.

Til stuðnings aðalkröfu stefnda er því haldið fram, að ákvæði 4. mgr. 30. gr. laga nr. 94/1986 leiði einungis til þess, að trúnaðarmaður skuli að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnu, þegar fækka þarf starfsmönnum, en

allajafna geti verið um að ræða þær ástæður, að rétt sé að segja upp starfsmanni, þótt sá hinn sami gegni starfi trúnaðarmanns. Stefnandi hafi haft með höndum afleysingarkennslu í fjarveru annarra kennara. Kennari sá, sem kom úr launalausis leyfi, er stefnanda var sagt upp, hafi að nýju tekið við kennslu í stærðfræði, en stefnandi hafi sinnt þeirri kennslugrein í fjarveru hans, þótt hún sé menntuð til kennslu í jarðfræði. Ókleift sé að skýra framangreint ákvæði á þann hátt, að nýtt stöðugildi verði til við það eitt, að starfsmaður fái kosningu sem trúnaðarmaður, en skólameistara hafi verið óheimilt að fjölga starfsmönnum við skólann miðað við þær fjárveitingar, sem honum voru ætlaðar, sbr. 2. gr. laga nr. 97/1974. Því er mótmælt, að 4. gr. laga nr. 38/1954 geti haft áhrif á réttarstöðu stefnanda, og sé með því að leggja það ákvæði til grundvallar í raun á því byggt, að ókleift sé að ráða ríkisstarfsmenn með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Stefnandi hafi ekki getað bent á réttarreglu, sem geri uppsögnina að grundvelli skaðabóta sér til handa, þótt hún yrði talin andstæð fyrrgreindu ákvæði laga nr. 94/1986, en ekki sé unnt að skýra ákvæðið svo, að það stofni viðkomandi trúnaðarmanni sérstakan rétt til skaðabóta, heldur miði það að vernd trúnaðarmannsstarfsins sem slíks. Hvað sem öðru líði, beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, þar sem hún hafi ekki sýnt fram á neitt tjón í kjölfar uppsagnarinnar. Að því er varðar varakröfu stefnanda um biðlaun, er bent á, að grundvallarskilyrði biðlauna sé, að starfsmaður hafi sannanlega misst starf sitt og sé við svo búð án vinnu hjá ríkinu, sbr. 5. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954. Staða hafi ekki verið lögð niður og stefnandi haldið sambærilegri stöðu hjá sama vinnuveitanda, allt frá því að uppsagnarfresti í hinu fyrra starfi lauk.

Um varakröfu stefnda er vísað til fyrrgreindra málsástæðna, og beri í því tilviki að hafa til hliðsjónar málsbætur stöðuveitanda, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954, bæði um ástæður uppsagnar og það, að stefnandi hafi haldið sambærilegu starfi og sömu launum. Kröfu um dráttarvexti er mótmælt sem vanreifaðri og rangri, m. a. um upphafstíma.

IV.

Ráðning (setning, skipun) í kennarastöður er jafnan á grundvelli tiltekinnar kennslugreina. Hljóta stöðugildi við hvern skóla að miðast við kennsluþörf í hinum einstöku greinum, sbr. 2. gr. laga nr. 97/1974 um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, þar sem segir, að óheimilt sé að láta starfsmenn starfa í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana, nema fjárveiting eða heimild til launagreiðslna sé fyrir hendi.

Það var forsenda fyrir starfi stefnanda í Menntaskólanum í Kópavogi, að aðrir kennarar voru í leyfi, og jafnt, þótt hún hlyti fasta, ótímabundna

ráðningu. Var það á grundvelli bókunar 3 með kjarasamningi fjármálaráðherra f. h. ríkisins og aðildarféлага BHMR 1989, sem kveður á um, að tíma- bundinni ráðningu, er varað hafi í þrjú ár, verði breytt í ráðningu með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Í málinu á ekki við vísun til 4. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem mælir um skilyrði þess, að sá, sem skipaður hefur verið í stöðu, verði leystur frá henni.

Ákvæði 4. mgr. 30. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er svohljóðandi: „Sé trúnaðarmaður valinn úr hópi starfsmanna, sem ráðnir eru með uppsagnarfresti, skal hann að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.“ Lagatextinn eða lögskýringargögn leiða ekki til þess, að uppsögn trúnaðarmanns sé ávallt ólögmat, og þykir svo eigi hafa verið í tilviki því, sem hér um ræðir. Til kasta stefnanda sem trúnaðarmanns kom aldrei, og er því eigi haldið fram, að uppsögn hennar tengist á nokkurn hátt kjöri hennar sem trúnaðarmanns. Með uppsögninni var ekki brotið gegn vinnusamningi, og hún miðaði ekki að fækkun kennara á launaskrá.

Réttur starfsmanns til biðlauna samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 helgast af því, að staða sé lögð niður og að sá, sem að öðrum kosti ætti rétt til slíkra launa, taki ekki við starfi í þjónustu ríkisins með jafnháum eða hærri launum en þeim, sem hann naut í fyrri stöðunni. Hér er hvorugu skilyrðanna fullnægt. Sem fyrr greinir, helgaðist uppsögn stefnanda af því, að kennari, sem verið hafði í launalausú leyfi, kom til starfa að nýju. Stefnandi hlaut þegar í stað aðra kennarastöðu með launum eigi lægri þeim, er hún hafði áður notið.

Samkvæmt þessu er niðurstaða málsins sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili málsins skuli bera kostnað sinn af rekstri þess.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknaður af kröfum stefnanda, Hallveigar Thordarson.

Málskostnaður fellur niður.